

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið
Samráðsgátt, mál nr. S-129/2026

Reykjavík, 21. ágúst 2026

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða(LL) um áform um frumvarp til laga um Ábyrgðarsjóð launa

Í samráðsgátt stjórnvalda hafa verið birt áform um endurskoðun laga um Ábyrgðarsjóð launa. Meðal þeirra breytinga sem boðaðar eru er að stytta ábyrgðartímabil vegna krafna um vangoldin lífeyrисиðgjöld.

Einn helsti styrkur íslenska lífeyrissjóðakerfisins er lögbundin skylda til aðildar og greiðslu iðgjalda. Samkvæmt 6. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 fer ríkisskattstjóri með eftirlit með því að lífeyrисиðgjald sé greitt vegna hvers manns sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til. Þótt lífeyrissjóðir annast innheimtu vangreiddra iðgjalda liggja upplýsingar um vangreiðslur oft ekki fyrir fyrr en að loknu tekjuári þegar ríkisskattstjóri sendir lífeyrissjóðum yfirlit samkvæmt 5. mgr. 6. gr. laganna. Þegar ekki er tilgreindur sérstakur lífeyrissjóður ber SL lífeyrissjóður þá lögbundnu skyldu að annast innheimtuna. Í viðhengi fylgir bréf frá SL lífeyrissjóði þar sem ítarlega er farið yfir þau réttaráhrif sem stytting á ábyrgðartímabili iðgjalda í lífeyrissjóð hefði á lífeyrisréttindi launafólks.

Þegar atvinnurekendur standa ekki skil á lífeyrисиðgjöldum getur það haft í för með sér að launafólk fær ekki tilskilin lífeyrisréttindi. Þrátt fyrir núgildandi fyrirkomulag fara sjóðfélagar þegar í dag í einhverjum tilvikum á mis við réttindi vegna vangreiddra iðgjalda. Stytting ábyrgðartímabils gæti aukið þá áhættu enn frekar og veikt réttarstöðu þeirra sem lögbundinni iðgjaldaskyldu er ætlað að vernda.

LL vilja vara við þessum fyrirætlunum og telja afar mikilvægt að litið sé til hagsmuna launafólks og sjóðfélaga við vinnslu málsins. Því taka LL heilshugar undir mat SL lífeyrissjóðs um „að rétt væri að falla frá áformum um styttingu ábyrgðartíma Ábyrgðarsjóðs launa úr 18 mánuðum í 12 mánuði, eða til vara að veitt verði sérstök undanþága í lögum nr. 88/2003 fyrir iðgjaldakröfur sem innheimtar eru á grundvelli 5. mgr. 6. gr. laga nr. 129/1997 þar sem ábyrgðartímabilið verði áfram 18 mánuðir.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

Þórey Sigríður Þórðardóttir



Undirritað af:
Þórey Sigríður
Þórðardóttir
1709674539
Dags: 21.08.2026
Tími: 09:16:28
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 26c41d28-bcf6-
45b7-ae00-c8f493d68b5b